



Hin dulda útilokun

„Það er erfitt að blómstra þegar maður hefur ekki umhverfi“

Sigrún Harðardóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Þorlákur Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins á Íslandi



Sigrún Harðardóttir



Þorlákur Helgi Helgason

Útdráttur

Í greininni er fjallað um niðurstöður rannsóknar sem hafði að meginmarkmiði að varpa ljósi á uppvaxtarár og skólareynslu kvenna sem hafa tekið þátt í endurhæfingarúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar. Leitast var við að fá fram sem gleggsta mynd af því hvernig þær túlka reynslu sína og hvaða áhrif hún hefur haft á félagslega stöðu þeirra í dag. Rannsóknin var eigindleg og voru tekin viðtöl við sex konur á aldrinum 24–35 ára, sem allar eru einstæðar mæður. Niðurstöður sýna að aðstæður kvennanna í uppveksti voru bágbornar og þær féllu úr námi á unglingsárum. Í dag kljást þær við margþættan heilsufarsvanda og standa frammi fyrir ýmsum áskorunum varðandi uppeldi barna sinna. Út frá niðurstöðunum má álykta að uppeldisaðstæður kvennanna hafi haft afdrifarík áhrif á skólagöngu þeirra. Slíkar niðurstöður sýna fram á mikilvægi þess að skólinn sinni uppeldis- og velferðarhlutverki sínu í samstarfi við foreldra og félags- og heilbrigðisstofnanir. Með því væri hægt að sinna beinum forvörnum sem fælust í því að hugað yrði að þörfum barna og séð til þess að þau nytu verndar á þeirra forsendum og út frá þeim uppeldisaðstæðum sem þau búa við.

Lykilord: börn, erfiðar heimilisaðstæður, brottfall, félagsleg staða, endurhæfingarúrræði.

Abstract

This article reports the findings from recent research that was conducted to understand the upbringing and school experiences of a group of women who participated in a rehabilitation program provided by the Reykjavik City Council. The main objective of the research was to attain the best picture of how they interpret their experience and what influence it has had on their current social standing. The qualitative

research includes six interviews with single mothers between the ages of 24–35. The results show that the participants have had a disadvantaged upbringing and they dropped out of school in their teenage years, indicating that the difficult circumstances of their childhood had a significant impact on their schooling. Today they struggle with varying health issues and are confronted with many challenges when raising their own children. Such results underline the importance of schools to play an active role in upbringing and welfare, in collaboration with parents and the social and health services. Then it will be possible to implement direct preventative measures to meet the needs of the child and to ensure that they are protected and have a secure developmental and educational environment.

Keywords: children, difficult home situation, dropout, social status, rehabilitation.

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera foreldrar frumábyrgð á uppeldi barna sinna (Barnalög nr. 76/2003). Auk þess er skólinn mikilvæg uppeldisstofnun sem getur haft afdrifarík áhrif á líf barna til framtíðar. Sú áhersla er skýr í núgildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem fram kemur að grundvallaratriði í starfi grunnskóla sé að huga að velferð barna og tekið er fram að skólar eigi að gæta að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barna. Þá er kveðið á um að sveitarfélög skuli veita sérfræðiþjónustu í skólum, annars vegar með stuðningi við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar með stuðningi við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Fræðimenn telja það skipta miklu að horft sé til skólasamfélagsins í heild sem lykilþáttar í forvörnum og stuðningsúrræðum fyrir börn sem mæta erfiðleikum



(Baginsky, 2008; Rutter, 2001). Rannsóknir undanfarna ára hafa sýnt að áhættuþættir í lífi barna geta haft áhrif á nám þeirra, félagslega stöðu og heilsu á fullorðinsárum (Bellis o.fl., 2018; Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Sigrún Harðardóttir, 2015). Þar er meðal annars átt við börn sem alast upp við bágar félagslegar og efnahagslegar aðstæður. Rannsóknir sýna að slíkar aðstæður geta aukið líkur á misbresti í uppeldi, svo sem ofbeldi og vanrækslu (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Börnum sem alast upp við slíkar aðstæður hættir fremur en öðrum til að tileinka sér óheilsusamlegan lífsstíl á unglingsárum og þau eiga á hættu að hverfa frá námi (Bellis o.fl., 2018; Bethell, Newacheck, Hawes og Halfon, 2014; Bøe, Øverland, Lundervold og Hysing, 2012; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Börn sem alast upp við misbrest í uppeldi getur skort þá hæfni sem þarf til að takast á við skólaverkefni (Ferguson, Bovaird og Mueller, 2007), þ.e. góða líkamlega heilsu, viðeigandi hreyfifærni miðað við aldur, tilfinningalegt jafnvægi og jákvæðni í garð nýrra verkefna. Auk þess hafa rannsóknir sýnt að börn sem búa við misbrest í uppeldi eiga fremur á hættu en önnur að kljást við einbeitingarörðugleika, kvíða, þunglyndi og áfallastreituröskun (Mills o.fl., 2013; Norman o.fl., 2012). Slíkt eykur hættu á slakri frammistöðu í námi og kallar á sérhæfðari stuðning í skóla (Elklit, Michelsen og Murphy, 2018; Romano, Babchishin, Marquis og Fréchette, 2015). Samhliða þessu er hætta á að þau fái ófullnægjandi stuðning heima til að sinna heimanámi (Openshaw, 2008). Afleiðingarnar eru þær að þessi börn eru líklegri en önnur til að vilja forðast skólann (skólaforðun) og vanrækja nám, og þau eiga frekar á hættu á að vera vísað úr skóla (Fantuzzo, Perlman og Dobbins, 2015).

Til eru rannsóknir þar sem leitast er við að skýra hvernig skólinn skilgreinir stöðu nemenda sem eru berskjaldaðir (Näsman, 2012; Odenbring, Johansson og Lunneblad, 2018). Vandí þeirra nemenda er oftast rakinn til einstaklingsins eða fjölskyldunnar en ekki tekið tillit til áhrifa skólaumhverfis og skólabrags. Þetta kemur meðal annars fram í því að vandí barna er skilgreindur út frá þeim aðstæðum sem þau búa við heima, svo sem slökum efnahags- og félagslegum aðstæðum fjölskyldunnar. Þegar börn betur stæðra foreldra eru vanrækt er hins vegar fremur leitað skýringa í félagslegum, sálrænum eða geðrænum vanda hjá barninu. Fjölskylduaðstæður virðast þannig geta skipt sköpum um það hvernig vandí barna er greindur innan skóla. Näsman (2012) bendir jafnframt á að mikið þurfi að

ganga á áður en mál sem varða börn sem búa við vanrækslu vegna fátæktar eru tilkynnt til barnaverndaryfirvalda, og að slík tilkynning er langdregnara ferli innan skóla og félagsþjónustu en þegar í hlut eiga börn sem sýna af sér áhættuhegðun eins og vímuefnaneyslu eða skólaforðun. Näsman tengir það því að skólar eiga erfitt með að setja merkimiða á vanda barna sem búa við vanrækslu og kröpp kjör. Það þyki niðurlægjandi að búa við slíkar aðstæður, bæði fyrir foreldrana og börnin. Þetta skammarlega ástand verður þá til þess að foreldrar opinbera ekki fyrir skólanum þessar aðstæður, og það kemur síðan niður á samskiptum milli skóla og heimilis.

Fræðimenn hafa bent á mikilvægi þess að skólinn bregðist við og láti sig varða börn sem búa við erfiðar aðstæður heima fyrir (Baginsky, 2008; DePanfilis og Dubowitz, 2006). Virk þátttaka í skólstarfi er sérstaklega mikilvæg fyrir náms- og félagsþroska barna sem búa við misbrest í uppeldi. Stundum er skólinn eini staðurinn í lífi þeirra sem veitir stöðugleika og vernd (Elklit o.fl., 2018; Hagborg, Berglund og Fahlke, 2018). Ef þörfum þeirra er ekki mætt innan skóla eykst hætta á að þau hverfi frá námi, standi verr að vígi á vinnumarkaði og verði útundan í samfélaginu (Stefán Ólafsson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Það rýrir lífsgæði þeirra, framlag þeirra til þjóðarbúsins verður minna og útgjöld samfélagsins meiri vegna bótagreiðslna, félags- og heilbrigðisþjónustu og síðar starfsendurhæfingar (Björk Vilhelmsdóttir, 2018; Gestur Guðmundsson, 2002).

Sem dæmi um þetta má benda á niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið í þeim tilgangi að varpa ljósi á stöðu ungmenna með endurhæfingar- og örorkulífeyri. Þar kom fram að vandí þessa unga fólks birtist á margvíslegan hátt snemma á lífsleiðinni. Í ljós kom að helmingur svarenda hafði eingöngu lokið grunnskólanámi. Ríflega helmingur þátttakenda hafði orðið fyrir einelti í grunnskóla. Um 75% hópsins höfðu fundið fyrir kvíða eða þunglyndi í grunnskóla og helmingur svarenda taldi sig hafa fengið lítinn eða engan stuðning þar. Þriðjungur þeirra hafði byrjað í framhaldsskóla en hætt námi, oftast vegna veikinda, vanlíðanar eða námserfiðleika. Þegar frá eru skildir meðfæddir sjúkdómar þjáðust 28% þessa unga fólks á örorku- eða endurhæfingarlífeyri af sjúkdómum tengdum stoðkerfi og 72% af geðsjúkdómum (Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds, 2016).

Rannsókn á stöðu og afdrifum ungs fólks 18–24 ára sem fékk fjárhagsaðstoð í Reykjavík sex mánuði



eða lengur á árunum 2008–2011 leiddi í ljós að stór hluti þess bjó við fjölþættan vanda og slakan stuðning í nánasta umhverfi. Um var að ræða félagslega erfiðleika í uppeldi og ofbeldi í æsku. Um helmingur hópsins var óvinnufær vegna heilsubreysts, margir glímdu við geðrænan vanda og rúmlega 60% við vímuefnavanda, og 85% höfðu einungis lokið grunnskólanámi (Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir, 2015).

Af framangreindum rannsóknum má sjá hversu mikil áhrif slæm uppeldisskilyrði og brothætt skólaganga geta haft á heilsu og félagslega stöðu á fullorðinsárum. Í þessari rannsókn var leitað svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hver er uppeldis- og skólareynsla ungra kvenna sem eiga það sameiginlegt að hafa þegið fjárhagsaðstoð og tekið þátt í endurhæfingarúræðum á vegum Reykjavíkurborgar?

Aðferð

Rannsóknin er byggð á eigindlegri rannsóknaraðferð, þar sem hún þótti henta þeim markmiðum rannsóknarinnar að öðlast skilning á því hvernig viðmælendur skilja og túlka aðstæður sínar og reynslu (Creswell, 2007). Í viðtölunum var stuðst við viðtalsvísi þar sem áhersla var lögð á upplifun og reynslu viðmælenda af uppeldisaðstæðum, skólagöngu og félagslegri stöðu á viðtalstímanum (Kvale og Brinkmann, 2009). Viðtöl voru tekin á tímabilinu apríl til desember 2017 og voru 60–80 mínútur að lengd. Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt og síðan marglesin, kóðuð og þemagreind (Lichtman, 2010). Úrvinnsla og greining gagnanna miðaði að því að auka þekkingu og skilning á reynslu viðmælenda og stöðu þeirra í dag.

Þátttakendur

Til að fá upplýsingar um þátttöku kvenna í endurhæfingarúræðum var ákveðið að leita eftir samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Velferðarsvið veitti leyfi vorið 2017 til að hafa samband við umsjónarmenn endurhæfingarúræða á vegum borgarinnar og óska eftir aðstoð þeirra við að finna þátttakendur í rannsóknina. Stuðst var við markmiðsúrtak og þau viðmið sett að þátttakendur væru á aldrinum 20 til 35 ára. Þegar leyfi fyrir rannsókninni lá fyrir var kynningarbréf um rannsóknina sent til umsjónarmanna úrræðanna og þeir beðnir að kynna rannsóknina fyrir öllum þátttakendum. Þeir sendu okkur síðan nöfn, kennitölu og símanúmer þeirra kvenna sem sýndu áhuga á að taka þátt í rannsókninni, og var síðan haft samband við þær. Allar konurnar óskuðu eftir að viðtölin færu fram í húsnæði endurhæfingarúræðisins sem þær tóku þátt í.

Konurnar voru á aldrinum 24–35 ára. Þær höfðu allar horfið ungar frá námi og voru einstæðar með ung börn á framfæri. Fimm bjuggu í félagslegu húsnæði og ein bjó í leiguhúsnæði á almennum markaði.

Síðferðileg atriði

Rannsóknin var tilkynnt Persónuvernd og var unnin í samræmi við þær síðareglur sem gilda um fræðilegar rannsóknir (Sigurður Kristinsson, 2013). Framangreint vinnulag við öflun þátttakenda í rannsóknina kann að hafa haft áhrif á það hvaða konur lýstu áhuga á að taka þátt í rannsókninni. Þar er átt við hvernig kynningu á rannsókninni var háttað, þ.e. hvort hún hafi náð til allra þátttakenda. Viðmælendur undirrituðu eyðublað um upplýst samþykki (Bogdan og Biklen, 2007) áður en viðtöl fóru fram. Þeim var gerð grein fyrir markmiðum rannsóknarinnar, með hvaða hætti niðurstöður yrðu birtar og að fyllsta trúnaðar yrði gætt um persónulegar upplýsingar. Dulnefni eru notuð í tilvitnunum í viðtöl og aðstæðum lýst með þeim hætti að ekki megi rekja einstök atriði í niðurstöðum til einstaklinga.

Niðurstöður

Við greiningu gagnanna komu fram þrjú meginþemu, (a) slakar uppeldisaðstæður, (b) erfiðleikar í skóla, (c) áskoranir í uppeldi eigin barna. Í niðurstöðukafla er lögð megináhersla á að gera grein fyrir þessum þemum og er honum skipt í þrjá undirkafla sem endurspeгла þau.

Slakar uppeldisaðstæður

Konurnar eiga það sameiginlegt að hafa alist upp við bágar aðstæður, meðal annars vegna fátæktar, veikinda foreldra og áfengis- og vímuefnaneyslu þeirra. Umhyggja og stuðningur var af skornum skammti í uppvexti þeirra og þær upplifðu óöryggi og höfnun. Auk þess bjuggu þær við ofbeldi af hendi foreldra, ýmist andlegt eða líkamlegt eða hvort tveggja.

Heimilisaðstæður kvennanna í æsku einkenndust af ósætti og tíðum átökum foreldra þeirra. Anna segir að í minningunni sitji eftir „öskrin á milli mömmu og pabba og fyllerí þeirra“. Dagný lýsir því að móðir hennar hafi verið „snargeðveik og svakalegur alki“ og hafi oft verið áfengisdauð þegar hún kom heim. Væri hún lykllaus hefði hún þurft að bíða á tröppunum þar til mamma hennar vaknaði. Guðrún lýsir mikilli fátækt á heimilinu og leiðindum á milli foreldra sinna. Hún hafi upplifað tillitsleysi þeirra í sinn garð og hafi of snemma þurft að taka ábyrgð á sjálfri sér og systkinum sínum. Móðir hennar hafi unnið mikið eftir að faðir



hennar missti vinnuna og hann hafi þá oft verið reiður og pirraður. Guðrún sagði:

Það bitnaði á okkur, þetta voru hans vandamál, það var ekki okkur að kenna að hann missti vinnuna, hann átti að vera foreldri. Mamma var kannski að vinna og pabbi í drykkju sem endaði náttúrulega með því að ég þurfti að hugsa um systkini mín þannig að það var ógeðslega erfitt líka, ég var bara barn að hugsa um systkini mín, það á ekki að vera þannig ... ég hefði alveg viljað eiga betri æsku, mér fannst þetta bara ömurlegt.

Allar nema ein höfðu reynslu af skilnaði foreldra og höfðu búið hjá móður eftir skilnað. Erla var tíu ára þegar foreldrarnir skildu. Eftir skilnaðinn komu til sögunnar stjúpfæður sem komu og fóru. Tvær viðmælenda segja að í kjölfar skilnaðar hafi þær ekki mátt halda sambandi við föður sinn vegna ósættis foreldra-anna. Þær lýstu andlegu og líkamlegu ofbeldi stjúpfæðra sinna, yfirgangi, gagnrýni, skömmum, reiði, barsmíðum og flengingum. Af viðtölunum má ráða að ekki voru margar jákvæðar samverustundir með foreldrum. Erla segir að vegna áfengis- og vímuefnafiknar móður hafi hún enga „gæðatíma“ átt með þeim systkinum, til dæmis ekkert verið að „setjast niður og spila og lita“. Halla sagði það „erfitt að blómstra þegar maður hefur ekki umhverfi“. Snemma þurftu þær að taka ábyrgð á sjálfum sér og systkinum sínum, og sinna heimilisstörfum. Félags- og efnahagslegri stöðu fjölskyldnanna fylgdu tíðir flutningar sem ollu þeim ýmsum erfiðleikum, svo sem við að aðlagast nýjum skóla og eignast vini.

Erfiðleikar í skóla

Skólagangan var erfið. Þær hurfu allar frá námi, annaðhvort í grunnskóla eða framhaldsskóla, lentu í félagskap sem ekki styrkti stöðu þeirra og í neyslu áfengis og vímuefna. Skólagangan er í minningunni lituð biturri reynslu. Fljótlega fór að gæta námserfiðleika þrátt fyrir námsgetu og vilja. Þær þurftu að glíma við líkamlega kvilla í grunnskóla, svo sem migreni og magaverki, auk eineltis. Þær minnst þess ekki að skólinn hafi komið þeim til hjálpar, heldur var þeim sagt að leggja harðar að sér eða þá að þeim var ekki trúað. Þær þögðu um heimilisaðstæður sínar. Vegna tíðra flutninga þurftu þær oft að skipta um skóla. Vanlíðan, afskiptaleysi og útilokun hélt áfram í nýjum skóla.

Bára lýsir vanlíðan sinni í grunnskóla. Hún hafi haldið að hún væri magaveik og farið „til meltingar-sérfræðings sem ekkert fann að“. Það var ekki fyrr en á fullorðinsárum, þegar hún fékk kvíðakast og þessi

magaverkur kom aftur, að hún áttaði sig á hvað hafði komið í veg fyrir að hún mætti í skólann. Undir lok grunnskóla mætti hún nánast ekkert. Hún hefði viljað hafa einhvern til að tala við í skólanum um vanlíðan sína:

Mér finnst mjög leiðinlegt að það hafi ekki verið athugað hvort ég væri með kvíða, eða, þú veist, gá hvort það var ekki eitthvað annað en bara það að mig langaði ekki að mæta í skólann. Ef það hefði verið athugað og eitthvað gert þá hefði grunnskólagangan kannski gengið mun betur.

Konurnar upplifðu ýmsa erfiðleika í grunnskóla. Anna segir að afi hennar hafi kennt henni að lesa áður en hún byrjaði í skóla. Henni hafi verið strítt á því og uppnefnd „nörd“. Sett hafi verið út á fötin hennar af því að hún hafi ekki „alltaf verið í finustu fötunum“. Oft var hún með trefil til að fela marbletti eftir ofbeldi sem hún hafði orðið fyrir heima. Dagný segir að hún hafi orðið ólétt í 9. bekk og misst mikið úr skóla, bæði á meðgöngunni og eftir að barnið fæddist. Hún segist síðan hafa náð að mæta í 14 daga í 10. bekk. Sumar kvennanna áttu í erfiðleikum í einstökum námsgreinum. Halla segir að henni hafi alltaf „gengið illa í stærðfræði“ og að hún finni „enn fyrir kvíða“ vegna stærðfræðinnar þar sem henni hafi „ekki tekist að sigra hana“.

Við lok grunnskóla hófu fjórar kvennanna strax nám í framhaldsskóla, en tvær síðar. Framhaldsskólaganga þeirra hefur verið slitrótt, þær hafa hætt, gert ítrekaðar tilraunir til að byrja aftur en alltaf gefist upp. Húsnæðis- og fjárhagserfiðleikar, neysla fikniefna, óheilbrigð lífni og barneignir tóku sinn toll. Halla hafði byrjað fimm sinnum í jafnmörgum skólum og var alltaf vikið úr skóla. Hún lýsir þessu svo:

Ég var stundum búin að klára næstum heila önn en svo var þetta bara orðið of mikið og ég var að falla á mætingu og einhvern veginn gafst alltaf upp. Það dregur úr manni að vera alltaf að byrja og hætta og maður hugsar bara: Ég bara get þetta ekki.

Guðrún gerði þrjár tilraunir til að stunda framhaldsskólanám en gat lítið mætt vegna þunglyndis og kvíða. Hún segist hafa „skilað endalausum vottorðum“ og skilur ekki enn „af hverju enginn fór ofan í saumana á því“. Fjárhagsstaða hennar hafi komið í veg fyrir að hún gæti verið í skóla um leið og hún „þurfti að sjá um barn og heimili“. Anna segir að framhaldsskólaganga sín hafi verið slitrótt:



Ég kláraði fyrstu önnina, féll í einu fagi og á næstu önn flyt ég að heiman, dett úr skóla, byrja í neyslu og fer síðan í annan framhaldsskóla í bullandi neyslu og dett út en sæki um tvisvar í öðrum skóla og kemst inn en hætti við í bæði skiptin og svo sótti ég um í öðrum skóla og var eina önn.

Dagný lýsir að sama skapi erfiðri stöðu sinni á þessum tíma:

Ég bjó heima þar til ég var 18 ára ... en ég flutti inn á sem sagt þáverandi kærasta minn í 20 fermetra kjallaraíbúð. Stelpan mín var þá þriggja ára og hún þurfti ekki mikið pláss og ég var sátta í ... þröngri holu.

Í viðtölunum tóku nokkrar þeirra skýrt fram að þær gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að ljúka námi í framhaldsskóla til að eiga möguleika á frekara námi. Í því sambandi sagði Guðrún: „Maður losnar ekkert við það einhvern veginn, það mun alltaf stoppa þig ef þú klárar þetta ekki, mun alltaf vera fyrir.“

Konurnar hafa að baki stutta starfsreynslu á vinnu- markaði. Einungis Halla og Guðrún hafa náð að vinna sér rétt til atvinnuleysisbóta. Þaðan fengu þær síðan tækifæri til að fara yfir á endurhæfingarlífeyri og í endurhæfingarúrræði á vegum stéttarféлага, áður en þær tóku þátt í slíkum úrræðum á vegum Reykjavíkurborgar. Konurnar eiga það einnig sameiginlegt að hafa verið í ýmiss konar meðferð hjá sérfræðingum og dvalist á ýmsum sérhæfðum stofnunum. Slíkir erfiðleikar komu oft í veg fyrir frekari þátttöku á vinnu- markaði. Þær voru allar komnar með „sinn“ félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð áður en þær urðu tvítugar. Þær fengu þær ýmsa aðstoð, svo sem fjárhagsaðstoð, námsstyrk, félagslegt leiguhúsnæði og síðan ýmis endurhæfingarúrræði. Sú staða að hafa þurft að sækja um fjárhags- stuðning reyndist þeim erfið. Anna sagðist hafa verið á fjárhagsaðstoð mjög lengi, í um átta ár, og að það væri nokkuð sem hún vildi fela vegna þess að hún upplifði skömm. Hún segði fólki að hún væri á námsstyrk án þess að nefna frá hverjum.

Áskoranir við uppeldi eigin barna

Allar eignuðust konurnar börn ungar. Nú um stundir kljást þær allar við ýmiss konar heilsufarsvanda, svo sem kvíða, þunglyndi og áfallastreituröskun. Konurnar eru allar sammála því að endurhæfingarúrræðin hafi veitt þeim stuðning og komið ákveðinni reglu á líf þeirra. Auk þess hafi þær fengið tækifæri til að stunda nám á framhaldsskólastigi og taka þátt í ýmsum námskeiðum, svo sem í matreiðslu og uppeldisfræði. Erla segir það

hafa verið ómetanlegt að fá tækifæri til að taka þátt í slíkum úrræðisverkefnum og eignast vini. Hún segir:

Við höfum allar misjafna reynslu og, þú veist, áföll í lífinu, en erum samt allar að ganga í gegnum svipaðar tilfinningar og áföll, þannig að við getum sýnt skilning á því hvað hver okkar er að ganga í gegnum.

Guðrún segir að þjónustan sem hún fær í úrræði sínu sé góð. Það sé „geðveikt að fá svona almennilegan ráðgjafa sem nennir að vinna vinnuna sína og nennir að hjálpa okkur“. Hún segist finna mikinn mun á þjónustunni sem hún fær núna og þeirri sem hún fékk áður en hún byrjaði í úrræðaverkefninu:

Ég man alveg eftir því þegar fyrsti ráðgjafinn minn sagði mér að koma á þriggja til sex mánaða fresti. Hvað átti ég að gera í sex mánuði, ég var að grotna heima hjá mér, sko. Það var ekkert verið að hjálpa manni eða neitt, maður hékk bara á þessu og þeim var alveg sama um mann.

Bára hefur svipaða sögu að segja. Henni sé „sýndur mikill heiður að fá að taka þátt í svona úrræði og að fá tækifæri til að læra um alls konar hluti ókeypiss, og að fá borgað fyrir að taka þátt“. Guðrún segir að sú hjálp sem hún fái í úrræðinu sem hún tekur þátt í núna hafi skipt hana miklu máli og veiti henni aðstoð við að takast á við sín mál. Hún segir:

Ég hef upplifað bæði líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi og kynferðisofbeldi. Ég er mjög hrædd við karlmenn, bara yfir höfuð, og ég er mjög skemmd eftir þetta. Ég hef bara átt einn kærasta sem hefur ekki lamið mig. Enda er ég ein með barnið mitt og ætla bara að halda því þannig. En ég hef ekki unnið í tíu ár, eða frá því ég átti stelpuna mína.

Auk fræðslu hafa konurnar fengið frekari greiningu á vanda sínum. Dagný vonar að greiningarferlið leiði til þess að hún „komist á örorku“ þar sem hún sjái ekki fyrir sér „að fara út á vinnu- markaðinn“, sem hún segist ekki höndla, „hvorki líkamlega né andlega“. Hún segir að örorkubætur skili hærri tekjum og sér fyrir sér að á þeim geti hún „farið að lifa svona „decent“ lífi“ og farið „actually“ að kaupa sér „föt og svoleiðis“ þegar hún þurfi á að halda. Konurnar eiga allar börn á grunnskólaaldri. Þær leggja áherslu á að geta veitt börnum sínum betra uppeldi og aðstæður en þær höfðu sem börn, vernda þau og styðja. Þær gera sér þó allar grein fyrir þeim skörðum sem núverandi aðstæður setja þeim í því sambandi. Anna segir að markmið sitt í lífinu sé að mennta sig því hana langi til að veita barninu sínu



betri framtíð, að barnið hennar þurfi ekki að „vera með mömmu sem er alltaf að ströggla, þú veist, með 160 þúsund á mánuði, og geta átt pening fyrir mat handa barninu og geta mögulega keypt fót á hann“. Það sé „ótrúlega erfitt andlega að geta ekki séð sjálfur fyrir barninu sínu“. Erla segir að hún fylgist vel með námi sonar síns og sjái til þess að hann taki þátt í félagsstarfi utan skóla:

Hann er alveg búinn að fá að heyra hvað er búíð að ske hjá mér og hvað ég er búin að ganga í gegnum og hann veit alveg afleiðingarnar og að ég get ekki unnið í dag út af grunnskólaárunum. Þetta eiga að vera hans bestu ár á meðan hann er í grunnskólanum og ég vil náttúrulega að honum líði vel.

Það kom skýrt fram hjá konunum að þær leggja mikla áherslu á að börnum þeirra líði vel í skóla. Sumar konurnar fluttu börnin sín á milli skóla þegar ekki gekk nógu vel. Halla segir að sonur hennar hafi orðið á eftir í námi í 3. bekk og skýrir það með því að skólinn hafi verið „of stór“ og það hafi ekki verið fylgst nógu vel með nemendum. Hún færði hann því í annan skóla þar sem „borin er virðing fyrir því að nemendur séu misjafnir og kennslan svona persónulegri“.

Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að uppeldisaðstæður kvennanna voru slakar og höfðu afgerandi áhrif á skólagöngu þeirra. Konurnar hurfu allar frá námi á unglingsaldri og eiga nú við heilsubrest að stríða og búa við slaka félags- og efnahagslega stöðu í dag. Sú staða leiðir til þess að þær standa frammi fyrir ýmsum áskorunum í uppeldi eigin barna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýna að slakri félags- og efnahagslegri stöðu foreldra geti fylgt hindranir við nám barnanna (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Elklit o.fl., 2018; Ferguson o.fl., 2007; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008; Openshaw, 2008) og að slíkar aðstæður geti haft djúpstæð áhrif til framtíðar, þar með talið á félagslega stöðu og heilsu á fullorðinsárum (Bellis o.fl., 2018; Bethell o.fl., 2014; Bøe o.fl., 2012; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Í frásögnum kvennanna í þessari rannsókn má greina fjölmörg teikn sem hefðu átt að kalla á að ástandið yrði skoðað og óviðunandi uppeldisaðstæðum þeirra vísað til barnaverndaryfirvalda á meðan þær voru í grunnskóla. Út frá niðurstöðum má ætla að skólinn hafi ekki verið nógu vel í stakk búinn til að greina stöðu þeirra, bregðast við vanda þeirra (Näsman, 2012; Odenbring

o.fl., 2018) og skynja styrkleika þeirra, sem vissulega voru fyrir hendi. Í ljósi þess má ætla að miklu skipti að innan skóla starfi fagaðilar sem þekki til einkenna ofbeldis og slakra uppeldisaðstæðna barna, og að skólum sé ætlað rými til samstarfs við aðrar velferðarstofnanir til að tryggja börnum sem búa við slíkar aðstæður stuðning. Með þverfaglegu samstarfi innan skólans, og í samstarfi við foreldra, heilbrigðis- og félagsþjónustu, væri hægt að vinna að þeim markmiðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 að gætt skuli að velferð barna og andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan þeirra. Með slíku samstarfi væri að auki hægt að fylgja málum barna eftir og koma þannig í veg fyrir að slæm reynsla sitji eftir og vindi upp á sig um ókomin ár (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Mikilvægt skref í þá átt að taka upp framangreint vinnulag er að lögbinda stöður skólafélagsráðgjafa í alla grunnskóla landsins. Með þekkingu sinni á félagslegum vanda, einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og úrræðum mynda skólafélagsráðgjafar mikilvæga brú á milli skóla, fjölskyldu og samfélags (Baginsky, 2008; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Með því að greina samverkandi áhættuþætti og beita snemmtækri íhlutun í málefni barna og foreldra væri hægt að draga úr líkum á langvarandi erfiðleikum í uppvexti og slæmum afleiðingum þeirra síðar á ævinni. Auk þess mætti draga úr þjóðfélagslegum kostnaði við dýr meðferðar- og endurhæfingarúræði.

Rannsóknin náði einungis til sex kvenna sem tóku þátt í endurhæfingarúræðum á vegum Reykjavíkurborgar á afmörkuðum tíma og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar. Engu að síður má ætla að niðurstöðurnar séu framlag til þekkingar á þessu sviði og gefi vísbendingar um mikilvægi þess að koma til móts við börn sem búa við erfiðar aðstæður í æsku til að koma í veg fyrir djúpstæð áhrif á heilsu þeirra og félagslega stöðu á fullorðinsárum.

Heimildir

Baginsky, M. (2008). Placing schools at the centre of safeguarding children. Í M. Baginsky (ritstj.), *Safeguarding children and schools* (bls. 11–21). London: Jessica Kingsley Publishers.

Barnalög nr. 76/2003.

Bellis, M. A., Hughes, K., Ford, K., Hardcastle, K. A., Sharp, C. A., Wood, S., ... Davies, A. (2018). Adverse childhood experiences and sources of childhood resilience: A retrospective study of their combined relationships with child health and educational attendance. *Public Health*, 18, 1–12. doi:10.1186/s12889-018-5699-8



- Bethell, C. D., Newacheck, P., Hawes, E. og Halfon, N. (2014). Adverse childhood experiences: Assessing the impact on health and school engagement and the mitigating role of resilience. *Health Affairs*, 12(33), 2106–2115. doi:10.1377/hlthaff.2014.0914
- Björk Vilhelmsdóttir. (2018). Horfur ungs fólks sem er hvorki í námi né vinnu. *Ársrit um starfsendurhæfingu*, 34–35. Sótt af www.virk.is/static/files/_2016/fjolmidlar/virk_2018_arsrit-net.pdf
- Bogdan, R. og Biklen, S. (2007). *Qualitative research in education. An introduction to theories and methods* (5. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.
- Bøe, T., Øverland, S., Lundervold, A. J. og Hysing, M. (2012). Socioeconomic status and children's mental health: Results from the Bergen child study. *Social Psychiatry and Psychiatric Epidemiology*, 47, 1557–1566. doi:10.1007/s00127-011-462-9
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. London: SAGE Publications, Inc.
- DePanfilis, D. og Dubowitz, H. (2005). Family connections: A program for preventing child neglect. *Child Maltreatment*, 10(2), 108–123. doi:10.1177/10775595275252
- Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). Jaðarstaða foreldra – velferð barna. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), *Ritröð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafa*, 8. hefti. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Elklit, A., Michelsen, L. og Murphy, S. (2018). Childhood maltreatment and school problems: A Danish national study. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 62(1), 150–159. doi:10.1080/00313831.2016.1253608
- Fantuzzo, J. W., Perlman, S. M. og Dobbins, E. K. (2011). Types and timing of child maltreatment and early school success: A population-based investigation. *Children and Youth Services Review*, 33(8), 1404–1411. doi:10.1016/j.childyouth.2011.04.010
- Ferguson, H. B., Bovaird, S. og Mueller, M. P. (2007). The impact of poverty on educational outcomes for children. *Pediatrics & Child Health*, 12(8), 701–706.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2008). Unglingar í vanda: Samanburður á unglíngum með áhættu hegðun sem fara í langtíma meðferð annars vegar og fá vægari úrræði hins vegar af hálfu barnaverndaryfirvalda. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3(1), 5–16.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)* (2. útgáfa). Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Gestur Guðmundsson. (2002, október). *Breytt umskipti til fullorðinsaldurs*. Áfangaskýrsla október 2002. Sótt af www.reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/gestur_gudmundsson_umskipti11102.pdf
- Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir. (2015). Ungt fólk í kreppu: Atvinnu-, fjárhags- og félagsstaða. *Tímarit félagsráðgjafa*, 9(1), 19–24.
- Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds. (2016, október). *Staða ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Stada_ungu_folks_med_ororku_13.10.2016.pdf
- Hagborg, J. M., Berglund, K. og Fahlke, C. (2018). Evidence for a relationship between child maltreatment and absenteeism among high-school students in Sweden. *Child Abuse & Neglect*, 75, 41–49. doi:10.1016/j.chiabu.2017.08.027
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. London: SAGE Publications, Inc.
- Lichtman, M. (2010). *Qualitative research in education. A user's guide*. Thousand Oaks: SAGE Publications, Inc.
- Lög um grunnskóla* nr. 91/2008.
- Mills, R., Scott, J., Alati, R., O'Callaghan, M., Najman, J. M. og Strathearn, L. (2013). Child maltreatment and adolescent mental health problems in a large birth cohort. *Child Abuse & Neglect*, 37(5), 292–302. doi:10.1016/j.chiabu.2012.11.008
- Näsman, E. (2012). *Barnfattigdom – om bemötande och metoder ur ett barnperspektiv*. Stockholm: Gothia Förlag.
- Norman, R.E., Byambaa, M., De, R., Butchart, A., Scott, J. og Vos, T. (2012). The long-term health consequences of child physical abuse, emotional abuse, and neglect: A systematic review and meta-analysis. *PLOS Medicine*, 9(1), e1001349. doi:10.1371/journal.pmed.1001349
- Odenbring, Y., Johansson, T. og Lunneblad, J. (2018). "Det är svårt för skolan när det inte är uppenbara försummelser": Elevhälsan, utsatta elever och social klass. *EDUCARE*, 14(1), 26–42. Sótt af www.mupep.mau.se/bitstream/handle/2043/24808/Educare_18.1_mupep.pdf?sequence=2&isAllowed=y
- Openshaw, L. (2008). *Social work in schools. Principles and practice*. New York: Guilford.
- Romano, E., Babchishin, L., Marquis, R. og Fréchette, S. (2015). Childhood maltreatment and educational outcomes. *Trauma, Violence & Abuse*, 16, 418–437. doi:10.1177/1524838014537908
- Rutter, M. (2001). Psychosocial adversity: Risk, resilience, and recovery. Í J. M. Richman og M. W. Fraser (ritstjórar), *The context of youth violence: Resilience, risk, and protection* (bls. 13–41). Westport: Praeger.
- Sigrún Harðardóttir. (2015). Velferð nemenda – hlutverk skólafélagsráðgjafa. *Tímarit félagsráðgjafa*, 9(1), 7–12.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf. Náin tengsl og uppeildisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Kristinnsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stefán Ólafsson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). From school to work: The case of Iceland. Í J. Olofsson og A. Panican (ritstj.), *Ungdomars väg frá skola till arbetsliv: Nordiska erfarenheter* (bls. 191–245). Kaupmannahöfn: Norræna ráðherraráðið.